


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ	Lífsleikni - LÍFS1AN02	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Jóhann Gunnar Jóhannsson, Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir og Valgerður Jónsdóttir	Sk.st.	RGU, JGJ, VAL
----------------	---	---------------	---------------

Áfangalýsing:

Markmið áfangans er að kynna nemandanum innviði skólans, námsval, starfshætti, nám og félagslíf. Nemandinn er búinn undir þátttöku í samfélaginu með því að efla félagslega færni og siðferðiskennd. Lögð er áhersla á að efla samskipti og jákvæða lífssýn nemandans sem auðveldar honum að takast á við kröfur og ögranir daglegs lífs. Jafnframt er lögð áhersla á að gera hann meðvitaðan um þá ábyrgð sem hann hefur gagnvart sjálfum sér og skólasamfélaginu. Í áfanganum er stuðlað að styrkingu félagstengsla milli nemenda og þeir búnir undir að takast á við krefjandi nám og leggja þannig grunn að frjóu menntasamfélagi. Nemandinn eflist í að koma fram af virðingu við aðra í fjölbreyttu þjóðfélagi. Nemandinn fær tækifæri til að vinna við margvísleg viðfangsefni á fjölbreyttan og skapandi hátt. Um er að ræða verkefnabundið nám með áherslu á samvinnu og frumkvæði.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- > kröfum sem gerðar eru í námi í framhaldskóla
- > þýðingu þess að lifa í samfélagi við aðra
- > framtíðarmöguleikum sínum
- > mikilvægi markmiðasetningar og leiðum að settum markmiðum
- > skólasamfélaginu, námsvali og stoðþjónustu

Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- > bera virðingu fyrir sjálfum sér
- > sýna umburðarlyndi, samhyggð og virðingu fyrir öðrum
- > tjá sig í töluðu og rituðu máli
- > verða betur meðvitaður um sjálfan sig, áhugasvið sitt og styrkleika
- > leita upplýsinga um nám sitt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- > auka færni sína í mannlegum samskiptum
- > meta eigin vinnubrögð
- > bæta ákvörðunartöku í daglegu lífi
- > taka þátt í samfélagi sem er í sífældri þróun
- > bera ábyrgð á eigin námi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Lífsleikni - LÍFS1AN02 Námsáætlun - Vor 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Námsgögn:

Ekki er notast við kennslubók í áfanganum

Áætlun um yfirferð:

Upphaf annar	Töfluafhending, uppgjör haustannar, hópefli, kynning á helstu þáttum stoðþjónustu sem nemendur nýta sér.
Miðbik annar	Markmiðasetning og sjálfstyrking, námsmatsdagar og miðannarmat
Lok annar	Námsval, próf og prófundirbúningur
Öll önnin	Þátttaka í félagslífi skólans ásamt kynningum og aðstoð við undirbúning á viðburðum. Fengnir verða utanaðkomandi fyrirlestrar um ýmis málefni sem snúa að daglegu lífi ungs fólks. Fylgst er með mætingum nemenda og gerðar athugasemdir við þær þegar þörf er á.


Verkefni:

Í vinnslu, unnið í samráði við kennara í áfanganum

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsþáttur		Vægi
Virkni	Virkni nemenda felst í hversu vel þeir vinna verkefni sín og hversu mikið þeir taka þátt í verkefnum og umræðum kennslustunda	20%
Skýrslur (x2)	Nemendur skrifa tvær skýrslur þar sem þeir gefa sitt álit á helstu viðburðum og efnistöðum áfangans og upplifun sinni.	30%
Verkefnamappa	Öll verkefni og dreifildi annarinnar.	20%
Þemaverkefni	Val nemenda með samþykki kennara	15%
Sjálfsmat	Nemendur meta eigin virkni og þátttöku í áfanganum.	15%
Samtals		100%
<p>Annað: Ekki verður notaður hefðbundinn talnakvarði við mat á frammistöðu nemenda heldur fá nemendur annað hvort S (staðið) eða F (fall) í lok annar.</p>		

Dagsetning: 7. jan 19.


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj, fagstj eða staðgengils